



//Á döfinni//

...:Árshátíð skólans:...

Árshátíð skólans hefur verið færð aftur um eina viku og verður nú föstudaginn 20. mars kl. 20:00 í matsal skólans.

...: Listahátíð ...:

Laugalandsskóli, Grunnskólinn á Hellu og Grunnskólinn á Hvolsvelli halda saman listahátíð fimmtudaginn 5. febrúar. Hátíðin hefst kl 12:45 á Laugalandi og þar gefst nemendum kostur á að taka þátt í smíðjum.

Heimför kl. 16:00 og eru foreldrar beðnir um að ná í nemendur.

...:Öskudagur:...

Miðvikudaginn 18. febrúar er vinnudagur kennara og nemendur í fríi.

...:Foreldradagur:...

Fimmtudaginn 19. febrúar verða foreldrar boðaðir í viðtöl hjá umsjónarkennurum. Gátlistar verða sendir heim nokkru áður og foreldrar beðnir að fylla þá út ásamt sínu barni líkt og undanfarin ár. Að venju verður 9. bekkur með kaffisölu á foreldradaginn.

...:Starfskygning:...

18.-20. febrúar verða nemendur 10. bekkjar í starfskygningu og því ekki í skólanum.

...:Heimasíðan:...

Við hvetjum foreldra og forráðamenn til þess að fylgjast með heimasíðu skólans www.laugalandsskoli.is. Þar eru reglulega settar inn fréttir og myndir af starfinu ásamt upplýsingum er varða skólann og námið.

// Fréttir frá Laugalandsskóla//

...:Vísuþotnar á þorra:...

Í tilefni þorrans var vísuþotnasamkeppni meðal nemenda. Úrslit voru kynnt í hádeginu fimmtudaginn 22. janúar eftir að nemendur og starfsfólk höfðu gætt sér á þorramatshlaðborði sem lystilega hafði verið sett upp af eldhúskonunum okkar. Veitt var viðurkenning fyrir besta botninn í 1.-3. bekk, 4.-7. bekk og 8.-10. bekk. Einnig var viðurkenning veitt fyrir skondnasta botninn og besta botninn yfir skólann, en sá fékk sömuleiðis farandgrip sem kallast Þorraþræll og er ágrafinn með nöfnum vinningshafa. Þessi keppni er nú haldin í 8. sinn og setur skemmtilegan brag á skólalífið. Hér má svo sjá þá vísuþotna sem taldir voru bestir.

Besti botninn í 1.-3. bekk

Harðfiski ég hendi' á disk, hákarl smá og kjamma. Flatkökur ég fæ og fisk gaman er að djamma.

Anna Ísey Engilbertsdóttir 1. bekk

Besti botninn í 8.-10. bekk

Harðfiski ég hendi' á disk, hákarl smá og kjamma. Borðað hef nú góðan fisk hættu nú að gjamma.

Tryggvi Kristjánsson 10. bekk

Besti botninn í 4.-7. bekk

Þorrinn nú þá kominn er þú skalt bara vita. Kartöflur og krækiber komu og fengu bita.

Guðný Salvör Hannesdóttir 5. bekk

Skondnasti botninn

Harðfiski ég hendi' á disk, hákarl smá og kjamma. Ég þekki bæði kjöt og fisk og elska að fara að djamma.

Guðný Salvör Hannesdóttir 6. bekk

Besti botninn sem fékk Þorraþrællinn

Þorrinn nú þá kominn er þú skalt bara vita. Ég hakka, brytja, brýt og mer Og fæ mér góðan bita.

Vilborg María Ísleifsdóttir 10. bekk



Hér gefur að líta verðlaunahafana

...Myndir frá þorralóti:...**...Leikhúsför hjá 6.-10. bekk:...**

Nemendur í 6.-10. bekk fóru í leikhúsför miðvikudaginn 21. janúar síðastliðinn. Það ríkir jafnan mikil tilhlökkun meðal nemenda fyrir ferð sem þessari og engin breyting var á því nú. Til að byrja með fengu allir hressingu eftir skóla á meðan beðið var eftir rútunni. Sumir nýttu tímann og fóru í sparifötin og gerðu sig tilbúna. Fyrst á dagskrá, er komið var til Reykjavíkur, var að fara í keilu í Öskjuhlíð. Sex voru saman á braut og skapaðist strax mikil keppni innan hópanna. Sumir náðu fljóttlega fellu á meðan aðrir voru fegnir að ná að hitta keilurnar og halda kúlunni inni á brautinni. Eftir keiluna fór svo hópurinn í Borgarleikhúsið þar sem Ástrós Elísdóttir fræðslustjóri tók á móti okkur. Hún fór með nemendur í skoðunarferð um leikhúsið og sýndi okkur það sem leynist á bak við sviðin. Hún fræddi hópinn um ýmislegt sem snertir leikhúsið og starfsemi þess. Eftir skoðunarferðina fengu svo allir pizzu og gos og tók við bið fram að sýningu. Að þessu sinni var farið að sjá Beint í æð eftir Ray Cooney í leikstjórn Halldóru Geirharðsdóttur. Þetta leikrit er farsí af bestu gerð, mikið um að vera á sviðinu allan tímann og héldu leikararnir athygli leikhúsgesta frá upphafi til enda. Að lokinni sýningu var farið út í rútu sem beið fyrir utan og haldið heim á leið. Umræður spunnust á heimleiðinni og var ekki annað að heyra en almenn ánægja væri með daginn og sérstaklega leikritið sem hitti greinilega beint í mark.

...Málmsmíðaval sér um gerð handriðs:...

Guðmundur Bragason hefur stýrt málmsmíðavalinu við skólann síðustu ár. Sérstök stofa var útbúin undir þennan áfanga skólaárið 2007 til 2008 og er nú vel búin tækjum til ýmissa verkefna sem snúa að málmsmíði. Góð aðsókn hefur verið í þessa valgrein og meðal þess sem nemendur hafa unnið að og hannað eru tæki fyrir upphíffingar og dýfur sem hafa komið að góðum notum í íþróttasalnum. Undir handleiðslu Guðmundar bjuggu nemendur til handrið sem var sett upp við stigann milli tónlistarstofu og upp í kennarastofu. Aðal suðumaðurinn við framkvæmdina var Viktor Sigurbjörnsson en einnig komu aðrir nemendur í málmsmíðavalinu að frágangi og málun.



Viktor Sigurbjörnsson í 10. bekk við handriðið